

# Náttúruvernd til eflingar byggðapróun (C.9)

Fyrsti verkhluti: *Starfsstöð í náttúrurannsóknum við Bakkafjörð*



## Náttúruvernd til eflingar byggðapróun

Í lok árs 2022 gerðu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) með sér samning sem getur stutt við að samstarf um stofnun starfsstöðvar í náttúruvannsóknnum á Bakkafirði verði að veruleika. Verkefnið er liður í aðgerðum stjórnvalda til að jafna samfélagslega aðstöðu byggða og ná meiri stöðugleika. Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 voru skilgreindar 44 aðgerðir sem ætlað er að stuðla að jákvæðri þróun byggða. Ein þessara aðgerða kallast Náttúruvernd til eflingar byggðapróun (C.9).

Verkefnið skiptist í nokkra verkþætti og er einn þeirra “Starfsstöð í náttúruvannsóknnum við Bakkafjörð”. Í þessari skýrslu er fjallað um þennan verkþátt, sem felur í sér að leiða saman helstu hagsmunaaðila og greina útfærslur og hugsanleg markmið slíkrar starfsstöðvar.<sup>1</sup>

## Bakgrunnur

Í skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa frá árinu 2018 var lögð til stofnun starfsstöðvar í náttúruvannsóknnum á Bakkafirði sem hefði það hlutverk að rannsaka lífríki Bakkaflóa, þar með talið lífríki Finnafjarðar, Langaness og nærumhverfis. Skýrslan og tillögur sem þar komu fram voru samþykktar af verkefnisstjórn Betri Bakkafjarðar í nóvember 2019 sem hluti verkefnisáætlunar fyrir Brothættar byggðir. Síðla árs 2019 óskaði Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, sem fór þá með verkefnisstjórn, eftir því að Náttúrustofa Norðausturlands tæki saman greinargerð og tillögu að útfærslu starfsstöðvar í náttúruvannsóknnum við Bakkaflóa. Í greinargerðinni sem kom út árið 2020 voru teknar saman helstu fyrirliggjandi upplýsingar um náttúrufar við Bakkafjörð og gerðar tillögur að markmiðum starfsstöðvarinnar, sem einkum yrðu að styðja við sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.

Í lok árs 2022 gerðu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) með sér samning sem getur stutt við að samstarf um stofnun starfsstöðvar í náttúruvannsóknnum á Bakkafirði verði að veruleika. Komið var á fót samstarfshópi um að móta sameiginlega sýn á markmið og framtíðarskipulag mögulegrar starfsstöðvar í náttúruvannsóknnum við Bakkafjörð. Í hópnum voru fulltrúar Langanesbyggðar, Náttúrustofu Norðausturlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Hópurinn hafði samráð við fulltrúa umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunar. Í vinnu hópsins var sérstaklega horft til aðgerðar (C.9) í byggðaáætlun fyrir árin 2022-2026 en hún fjallar um náttúruvernd til eflingar byggðapróun.

## Markmið

Líkt og að framan greinir gerði Náttúrustofa Norðausturlands það að tillögu sinni að starfsemi starfsstöðvar í náttúruvannsóknnum við Bakkaflóa hefði það að meginmarkmiði að styðja við

---

<sup>1</sup> Samhliða starfi hópsins vinnur SSNE að greiningu á hagrænum tengslum náttúruverndar og byggðapróunar. Þá var haldinn opinn fundur og vinnustofur með íbúum og hagaðilum um sama efni.

sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, bæði núverandi og framtíðarnýtingu. Ákvörðun umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um að tengja uppbyggingu og starfsemi starfsstöðvarinnar með beinum hætti við stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, nánar tiltekið aðgerð um náttúruvernd til eflingar byggðaþróunar (C9), felur því í sér nokkra áherslubreytingu. Það er niðurstaða samráðshópsins að sú áherslubreyting í markmiðasetningu og tenging við byggðaáætlun sé til góða fyrir verkefnið. Þó náttúruverndarhlutverkið verði haft í forgrunni kemur það ekki í veg fyrir það að starfsemi starfsstöðvarinnar styrki sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda svæðisins, heldur þvert á móti. Náttúruvernd er mikilvæg landnýting og sjálfbærni í nýtingu náttúruauðlinda verður ekki tryggð nema náttúruvernd sé höfð að leiðarljósi. Aukin þekking á náttúrufari er mikilvæg undirstaða markvissrar náttúruverndar.

Töluverð vinna og samtal hefur farið fram undanfarin misseri um möguleika á friðun Langaness að hluta og hefur Umhverfisstofnun, að beiðni ráðuneytisins, unnið úttekt á friðlýsingarkostum. Í úttektinni var gerð grein fyrir því með hvaða hætti friðlýsing svæðisins hefði áhrif á nærsamfélag og hvernig ólíkir friðlýsingaflokkar kæmu til með að hafa ólík áhrif á rekstur og uppbyggingu svæðisins ef til friðlýsingar kæmi. Í kjölfar úttektarinnar óskaði Langanesbyggð eftir því við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti að hafin yrði vinna við friðlýsingu hluta Langaness. Samstarf sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar er þegar hafið og stefnt er á að hefja formlegt friðlýsingarferli í samstarfi við landeigendur á svæðinu. Við friðlýsingu er lögð áhersla á vernd náttúrufars s.s. gróðurfars og dýralífs þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni. Mikilvægur þáttur við að tryggja sjálfbærni lífríkis felst í reglulegri vöktun. Til að tryggja samfellu í vöktun til lengri tíma getur nálægð náttúrufræðinga við viðfangsefnið skipt miklu máli.

Gerð er tillaga um að markmið starfsstöðvar í náttúruvísunum við Bakkaflóa verði:

- Auka þekkingu á náttúrufari starfssvæðisins
- Styðja við náttúruvernd á svæðinu
- Auka náttúrulæsi og miðlun upplýsinga á starfssvæðinu

### **Leiðir að markmiðum**

Líkt og sjá má í greinargerð Náttúrustofu Norðausturlands hafa fáar rannsóknir verið gerðar á náttúrufari við Bakkaflóa og nágrenni og mikil þörf á ýmiskonar grunnkortlagningu. Gert er ráð fyrir að starfsstöðin leggi áherslu á kortlagningu á náttúrufari og auki þannig þekkingu á svæðinu sem grundvöll náttúruverndar. Lögð verður áhersla á innlent og erlent samstarf um rannsóknir á svæðinu í þessum tilgangi.

Starfsstöðinni er ætlað að ástunda fræðslu um náttúrufar og niðurstöður rannsókna á starfssvæði sínu í þeim tilgangi að auka náttúrulæsi og miðlun upplýsinga. Horft er til fjölbreyttra markhópa í þessu sambandi.

Starfsstöðin getur með margvíslegum hætti stutt við og eflt náttúruvernd á svæðinu. Eftirfarandi verkefni telur samstarfshópurinn að geti komið til kasta starfsstöðvarinnar.

- Náttúruvísindisráðgjöf, m.a. í samstarfi við stofnanir og einstaklinga sem sinna rannsóknum á svæðinu.
- Vöktun náttúruverndarsvæða og svæða með hátt verndargildi.
- Ráðgjöf við bændur á starfssvæði stöðvarinnar t.a.m. vegna endurheimtar og verndunar lífríkis, votlendis og í þágu loftslagsmála.
- Samstarf við alþjóðlega rannsókn- og nemendahópa í náttúruvísindum.

Þau markmið og leiðir að þeim sem hér er lagt til mun hafa í för með sér ýmsan samfélagslegan ábata og þannig styðja við samfélagið á norðausturhorni, þ.m.t. við Bakkaflóa, á margvíslegan hátt.

### Skipulag

Í greinargerð Náttúrustofu Norðausturlands var gerð tillaga um að starfsstöð í náttúruvísindisráðgjöf myndi tilheyra starfsemi Náttúrustofunnar. Á Langanesi mætast skilgreind starfssvæði Náttúrustofu Norðausturlands og Náttúrustofu Austurlands við sýslumörk Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu. Stjórnarsýslulega tengist svæðið við Bakkaflóa þó í dag frekar sveitarfélögum í Þingeyjarsýslum eftir tilkomu sveitarfélagsins Langanesbyggðar við sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps árið 2006. Langanesbyggð tilheyrir t.a.m. í dag Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Árið 2022 sameinaðist Svalbarðshreppur sveitarfélaginu Langanesbyggð undir nafni þess síðar nefnda og þar með varð meginhluti landsvæðis Langanesbyggðar innan skilgreinds starfssvæðis Náttúrustofu Norðausturlands. Það má því telja eðlilegt að gert sé áfram ráð fyrir því að starfsstöð í náttúruvísindisráðgjöf myndi tilheyra Náttúrustofu Norðausturlands, sem rekin er af sveitarfélögum á sínu starfssvæði. Til viðbótar við ýmsa kjarnastarfsemi, þá heldur Náttúrustofa Norðausturlands einnig utan um rekstur á Rannsóknastöðinni Rif sem hefur það hlutverk að efla og auka náttúruvísindisráðgjöf, m.a. með hliðsjón af skuldbindingum Íslands í norðurslóðasamstarfi.

Hugmynd að rannsóknastöð á Melrakkaslétu, sem leiddi til stofnunar Rannsóknastöðvarinnar Rifs árið 2014, komst til framkvæmdar í gegnum byggðapróunarverkefnið „Brothættar byggðir“. Rannsóknastöðin Rif er staðsett á Raufarhöfn og nær starfssvæði hennar til Melrakkaslétu. Meginmarkmið rannsóknastöðvarinnar er sem fyrr segir að efla og auka náttúruvísindisráðgjöf á Melrakkaslétu, safna saman og miðla upplýsingum um náttúruferir á Melrakkaslétu og styðja nærsamfélag. Árið 2021 var gerður samningur milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Norðurlandshrepps og Náttúrustofu Norðausturlands um að náttúrustofan tæki að sér verkefni stöðvarinnar. Í dag er rannsóknastöðin því rekin undir hatti Náttúrustofunnar. Eftir nokkurra ára uppbyggingarfasa er Rannsóknastöðin Rif nú búin að festa sig nokkuð vel í sessi, þó starfsemi sé í sífelltri þróun. Fjöldi verkefna tengd vöktun og rannsóknum á náttúruferum Melrakkaslétu hafa verið unnin eftir tilkomu stöðvarinnar. Alþjóðlegt samstarf, einkum tengt málefnum norðurslóða, er viðamikill þáttur í starfsemi. Samstarfið hefur gefið af sér styrki til uppbyggingar starfseminnar og leitt til heimsóknar fjölda erlendra vísindamanna og rannsóknarhópa. Með

tilkomu Rannsóknastöðvarinnar Rifs hafa rannsóknir á náttúruferi Melrakkaslétu stóreflst og hefur stöðin haft margvísleg jákvæð áhrif á samfélagið á svæðinu.

Þar sem ekki er mikið annað en blæbrigðamunur á hugmyndum um Rannsóknastöðina Rif og starfsstöð í náttúruvannsóknnum við Bakkafjörð er það tillaga samstarfshópsins að horft verði til þess að samreka starfsstöð í náttúruvannsóknnum við Bakkaflóa með starfsemi Rannsóknastöðvarinnar Rifs, fremur en að hún verði sérstök rekstrareining. Talsverð samlegð felst í því að tengja saman þessi verkefni. Þannig mætti skapa stærri starfseiningu sem ætti tryggt faglegt og rekstrarlegt bakland í Náttúrustofu Norðausturlands. Rannsóknastöðin Rif er þegar aðili að alþjóðlegu samstarfi rannsóknastöðva, sem skilað hefur miklum ábata eins og fyrr segir. Með því að tengja saman verkefni og stækka starfssvæðið er horft til þess að koma upp aðstöðu á fleiri stöðum innan þess, sem bæði starfsmenn rannsóknastöðvarinnar og gestir geta nýtt. Rannsóknainviðir við Bakkaflóa myndu með þessu móti strax verða hluti af alþjóðlegu neti, einkum í gegnum INTERACT samstarfið sem Rannsóknastöðin RIF hefur verið aðili að síðan 2014.<sup>2</sup> Með stærra og fjölbreyttara starfssvæði í náttúruvannarslegu tilliti, ásamt auknum rannsóknainviðum, má gera ráð fyrir að aðdráttarafl samrekkinnar rannsóknastöðvar á Norðausturlandi verði mikið. Gert er ráð fyrir að starfsmenn hennar geti starfað á þremur starfsstöðvum: Raufarhöfn, Þórshöfn og við Bakkafjörð.

Skipuleggja þarf starf samrekkinnar rannsóknastöðvar út frá rannsókn- og vöktunaráætlun sem uppfæra þarf með reglubundnum hætti í víðtæku samráði við nærsamfélag og aðra rannsóknaraðila. Þá yrði birt skrá um rannsóknir og athuganir á svæðinu og leitast við að safna saman þeim gögnum sem skráin tiltekur. Skipa mætti fagrað með tilnefningum frá t.a.m. fagstofnunum og eftirlitsaðilum á sviði umhverfismála, frá háskólum og sveitarfélögum á starfssvæðinu. Fagraðinu væri ætlað að leiða faglega umræðu um forgangsröðun og vinna þarfagreiningu út frá markmiðum rannsóknastöðvarinnar. Ekki er víst að öll sú vöktun eða rannsóknir sem fagraðið legði áherslu á falli að öllu leyti undir sérsvið starfsfólks rannsóknastöðvarinnar eða Náttúrustofu Norðausturlands. Í slíkum tilvikum gæti rannsóknastöðin hins vegar stutt við að slíkar rannsóknir fari fram á svæðinu. Þá geta bættir rannsóknainviðir nýst í fjölbreyttum verkefnum, ekki aðeins þeim sem væru ný af nálinni heldur einnig stutt við þau lögbundnu verkefni sem rannsókn- og ráðgjafastofnunum er nú þegar ætlað að sinna á starfssvæðinu. Má þar nefna starfsemi Hafrannsóknastofnunar, sem dæmi. Alger skortur er á aðstöðu eins og er, bæði fyrir rannsóknir og úrvinnslu sýna, en einnig tilfinnanlegur skortur á gistirýmum fyrir rannsakendur. Öll bót á því getur skilað sér hratt í aukinni rannsóknarvirkni á svæðinu.

Tvö húsnæði koma helst til greina sem starfsstöð fyrir náttúruvannsóknir við Bakkaflóa. Í fyrrum barnaskólanum er góð aðstaða fyrir skrifstofu og aukinheldur rými sem hægt væri að nota fyrir rannsóknir og meðhöndlun sýna á staðnum. Þá er einnig áhugi fyrir því að finna fyrrum prestssetrinu á Skeggjastöðum nýtt hlutverk, sem samræmist því menningarlega og sögulega gildi sem staðurinn hefur fyrir svæðið og íbúa þess. Hefur starfsstöð í náttúruvannsóknnum verið nefnd í því samhengi. Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti á

---

<sup>2</sup> INTERACT stendur á ensku fyrir International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic, sem mætti útleggja á íslensku sem alþjóðlegt tengslanet um rannsóknir og vöktun á vistkerfi norðurlóða.

fundi sínum 16. mars 2023 að fela sveitarstjóra að leita eftir viðræðum við Þjóðkirkjuna um hugsanleg kaup á jörðinni Skeggjastöðum við Bakkafjörð. Slíkar samræður hafa átt sér stað en of snemmt er að segja til um hver niðurstaðan verður í þeim viðræðum eða hvenær þeim verður lokið. Á Þórshöfn er horft til þess að verið er að koma á fót atvinnu- og þróunarsetri sem hefur fengið nafnið „Kistan – þekking og þróun“. Þar verða nokkur félög og fyrirtæki með aðstöðu, t.a.m. Ísfélagið, Þekkingarnet Þingeyinga og Háskólinn á Akureyri. Einsýnt er að slíkur vettvangur styður mjög við það markmið að skapa góðan snertiflöt við samfélagið og verða þau tækifæri skoðuð betur í samráði við verkefnastjóra Kistunnar.

## **Tengsl verkefnisins við opinberar stefnur og áætlanir**

### *A. Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs*

Loftslagsmál eru sett í forgang í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og horft til þess að Ísland sé í fararbroddi í umhverfismálum á alþjóðavísu. Þá er einnig horft til þess að skapa jafnvægi í sambýli fólks og náttúru, t.a.m. við uppbyggingu ferðaþjónustu og í allri auðlindanýtingu. Norðausturhorn Íslands getur leikið stærra hlutverk, bæði hvað varðar þróun áfangastaða og uppbyggingu í ferðaþjónustu – en einnig þegar kemur að orkubúskap þjóðarinnar og markmiðum um orkuskipti. Þau tækifæri þarf þó að kanna og þróa af varfærni gagnvart viðkvæmri náttúru landsins. Slíkt verður ekki gert nema með staðgóðri þekkingu, en í dag skortir verulega á grunnrannsóknir á lífríki og umhverfi svæðisins.

### *B. Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036*

Verkefnið hefur beina skírskotun til markmiðs C.9 í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, sem horfir til þess að þáttur náttúruverndar í byggðaþróun verði eflur. Um markmiðið segir m.a. að greint verði hvernig aukin náttúruvernd geti haft jákvæð áhrif á byggðaþróun og hvaða tækifæri og ávinningur gæti falist í því innan eins eða fleiri sveitarfélaga. Einnig skal greint hvernig megi best nýta þau tækifæri sem felast í náttúruvernd, svo sem með uppbyggingu innviða og þjónustu.

### *C. Lög um náttúruvernd*

Sé horft til staðbundinna áhrifa er verkefnið til þess fallið að ná fram markmiðum laga um náttúruvernd, þ.e. að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða, sem einnig samræmis vel markmiðum verkefnisins.

### *D. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun*

Verkefnið hefur margvíslega skírskotun í Heimsmarkmið SP um Sjálfbæra þróun, einkum undir markmið 11.4, 11.a, 15.a, 15.1 og 15.5. Markmiðin sem hér eru upp talin snúa með einum eða öðrum hætti að eftirfarandi þáttum: Að vernda líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi og nýta á sjálfbæran hátt; Sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða; Styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða.

### *E. Stefna Íslands í málefnum norðurslóða*

Verkefnið tengist áhersluþáttum 16 og 17 í stefnum Íslands í málefnum norðurslóða. Skýr samlegð er með þessum tveimur áhersluþáttum, sem hafa að stefnumiði að byggja upp innlenda þekkingu og sérhæfingu í málefnum norðurslóða, efla innlent rannsóknarstarf, og styðja við alþjóðlegt vísindasamstarf á norðurslóðum.

### *F. Fjármálaáætlun 2023-2027*

Þegar litið er til umhverfismála sem málefnasvið undir fjármálaáætlun tímabilsins 2023-2027, þá tengist verkefnið með skýrustum hætti því meginmarkmiði að vernda náttúru Íslands, efla líffræðilega fjölbreytni og tryggja sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Í fjármálaáætlun segir m.a.: „Álag hefur aukist á náttúruverndarsvæðum hér á landi og loftslagsbreytingar geta haft í för með sér miklar breytingar á náttúrufari. Brýnt er að vakta vel þróun náttúrufars hér á landi og breytingar sem rekja má til loftslagsbreytinga.“ Þar segir einnig: „Náttúruvernd sem byggir á öflugu samstarfi nærsamfélaga, sveitarfélaga og ríkis getur stuðlað að jákvæðri byggðaþróun og sterkri umgjörð ferðamannastaða, s.s. með stofnun þjóðgarða. Staðsetning starfsstöðva náttúruverndarsvæða í nærsamfélaginu ýtir undir frumkvæði íbúa og getur styrkt áhuga á náttúruvernd.“

### *G. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum: Verkefnaáætlun 2022-2024*

Til viðbótar við staði á áætlun 2022-2024 eru jafnframt tilgreindir staðir sem hafa verið til sérstakrar skoðunar um nokkurra ára skeið. Staðirnir njóta ekki friðlýsingar en fylgjast þarf með ástandi og þróun þeirra. Skálar á Langanesi er meðal staða á þeim lista.

### **Kostnaðarmat**

Gert er ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður eins stöðugildis við starfsstöð í náttúruvísindum við Bakkaflóa nemi 18,4 m.kr. Um er að ræða sömu forsendur og fram koma í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands frá árinu 2020, uppfærðar miðað við verðlag. Miðað við sömu forsendur má til viðbótar gera ráð fyrir stofnkostnaði upp á 3,1 m.kr. Heildarkostnaður er því áætlaður 21,5 m.kr.

### **Tillaga að næstu skrefum**

1. Tryggja þarf fjármögnun til uppbyggingar og reksturs til lengri tíma.
2. Gera þarf samning milli ríkis, sveitarfélags og Náttúrustofu Norðausturlands um reksturinn, og formfesta þarf samstarf allra hagaðila.
3. Stofna þarf fagráð með aðkomu fulltrúa nærsamfélags og stofnana á sviði rannsókna- og vöktunar.
4. Vinna þarf frekari stefnumótun í samráði við hagaðila, m.a. sveitarfélög.

## Lokaorð

Samstarfshópurinn hefur haft það að leiðarljósi í sinni vinnu að setja fram útfærslu sem mætir kröfum um skynsamlega meðferð opinbers fjár, er líkleg til að skila sér í sterkri starfseiningu sem er sjálfbær til lengri tíma litið, styrkir rannsóknargetu á sviði náttúrurannsókna á sem hagkvæmastan hátt, leiðir af sér spennandi sérfræðistarf í landshluta þar sem fá slík störf eru fyrir og ýtir undir jákvæða byggðapróun fyrir svæðið í kringum Bakkaflóa.

## Heimildir og viðbótarefni

Davíð Örvar Hansson 2020. Langanes – Úttekt á friðlýsingarkostum. Skýrsla unnin fyrir Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Umhverfisstofnun/Alta.

- [Langanes - úttekt á friðlýsingarkostum](#)

Fjármálaáætlun 2024-2028.

- [Fjármálaáætlun 2023–2027](#)

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

- [Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#)

Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum: Verkefnaáætlun 2022-2024.

- [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/20220603\\_Landsaaetlun\\_Verkefna%  
c3%a1%c3%a6tlun\\_2022-2024.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/20220603_Landsaaetlun_Verkefna%c3%a1%c3%a6tlun_2022-2024.pdf)

Lög um náttúruvernd.

- [60/2013: Lög um náttúruvernd | Lög | Alþingi](#)

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2020. Starfsstöð í náttúrurannsóknum við Bakkaflóa. Skýrsla unnin fyrir Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. Náttúrustofa Norðausturlands. [*Fylgiskjal*]

Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.

- [Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs](#)

Stefnumótandi byggðáætlun fyrir árin 2022–2036.

- [Byggðááætlun](#)

Þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða.

- [1478/151 þál. \(samhlj.\): stefna Íslands í málefnum norðurslóða | Þingtíðindi | Alþingi](#)